

Ed.

845. Tillaga til þingsályktunar

[235. mál]

um setningu laga um neytendavernd.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja í sumar frumvarp til laga um neytendavernd og verði það lagt fyrir Alþingi, er það kemur saman í haust. Með lagafrumvarpi þessu verði stefnt að því að vernda og tryggja hagsmuni neytenda á hinum ýmsu sviðum viðskiptalífsins, svo sem með könnun á gæðum söluvöru, innlendirar og erlendirar, könnun á gildi og/eða gæðum selðrar þjónustu ýmiss konar, lögfestum skyldum framleiðenda og seljenda hverra við aðra og um hin ýmsu viðskipti þeirra.

Greinargerð.

Varla mun nokkrum manni blandast hugur um nauðsyn þess, að sett verði hið fyrsta lög, er tryggi og verndi hagsmuni neytenda í mun ríkari mæli en nú er. Að vísu eru fyrir hendi lög eins og kaupalögin, er á sínum tíma voru merkilegt framlag til þessara mála og hafa enn mikið gildi. En þau eru nú komin talsvert til ára sinna og því eru þau að vonum ekki lengur fullnægjandi. Segja má raunar einnig, að fyrir hendi séu önnur lög, er að hluta til fjalla um þetta mál, en ekki dugir það til, til sögunnar eru komin ýmiss konar viðskipti, er ekki voru fyrir hendi, er lögín voru sett, og því ná þau ekki til þeirra. Þar við bætist, að einnig hafa viðskiptahættir breytzt mikið, einkum síðari árin.

Mikilvægt er, að í hinni hörðu samkeppni viðskiptalífsins nú á dögum verði hlutur neytandans ekki fyrir borð borinn, heldur verði beinlínis leitast við að vernda hann og tryggja. Í því skyni starfa samtök eins og Neytendasamtökin. Það hrekkur þó skammt, þótt þau séu öll af vilja gerð. Þau hafa einnig lagt fram eindregnar óskir um, að efnt verði til lagasetningar í þeim dúr, sem lagt er til með þessari þingsályktunartillögu. Meðal annars af þeirri ástæðu er hún hér með fram lögð.